

Tilkynning frá matskerfisnefnd

Í nágildandi matskerfi opinbera háskóla er stuðst við tvo alþjóðlega gagnagrunna, ISI Web of Science og ERIH listann. Svokölluð ISI-tímarit eru alþjóðleg vísindatímarit sem skráð eru í sérstaka gagnagrunna á vegum Thomson Reuters. Flokkunarkerfið ERIH byggist á jafningjamati og er á vegum European Science Foundation og kallast European Research Index for the Humanities.

Á fundi matskerfisnefndar 14. nóvember síðastliðinn var tekinn ákvörðun um að bæta við þriðja grunninum, Scopus sem er grunnur um alþjóðleg ritrýnd tímarit á vegum Elsevier. Greinar í tímaritum sem skráð eru í Scopus verða metnar til 15 stiga í matskerfi opinbera háskóla. Listi yfir tímarit sem skráð eru í grunninn er aðgengilegur á heimasíðu vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

19. desember 2013

Matskerfisnefnd,

Stefán B. Sigurðsson, formaður, Háskólanum á Akureyri

Hellen Gunnarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Jón Atli Benediktsson, Háskóla Íslands

Sverrir Jónsson, fjármálaráðuneyti